



Metafgangur á þjónustujöfnuði

Þjónustuútflutningur nam 248,5 mö.kr. á þriðja ársfjórðungi og jókst um 23,2 ma.kr., eða 10,3%, á milli ára. Þjónustuinnflutningur nam 127,4 mö.kr. og jókst um 15,4 ma.kr., eða 14%. Afgangur á þjónustujöfnuði nam því 123,7 mö.kr. og jókst um 7,8 ma.kr., eða 6,7%. Þetta er metafgangur á þjónustujöfnuði á þriðja ársfjórðungi en fyrra met var frá árinu 2016 þegar afgangurinn mældist 122,8 ma.kr.

Tekjur af hugverkaréttindum jukust um 13 ma.kr. milli ára

Aukinn útflutningur má rekja til ýmissa liða en þar vega mest tekjur vegna gjalda fyrir notkun á hugverkaréttindum. Útflutningur á þeim lið nam 1,1 mö.kr. í fyrra en 14,1 mö.kr. nú og nam aukningin því 13 mö.kr. Tekjur af þessum lið hafa verið töluvert sveiflukenndar á síðustu árum. Í gögnum Hagstofunnar fæst ekki frekara niðurbrot á því um hvaða hugverkaréttindi er að ræða.




Útflutningur ferðapjónustu jókst um 5,3 ma.kr.

Útflutningur ferðapjónustu dróst saman um tæpar 500 m.kr. milli ára á öðrum ársfjórðungi og var það fyrsti samdrátturinn á 12 mánaða grundvelli síðan á fjórða ársfjórðungi 2010.

Útflutningsverðmæti ferðapjónustunnar nam 194 mö.kr. á þriðja ársfjórðungi borið saman við 188,7 ma.kr. á sama fjórðungi í fyrra og var aukningin því um 5,3 ma.kr. milli ára. Þessi aukning skiptist nánast jafnt á milli annars vegar ferðalaga og hins vegar farþegaflugs en saman mynda þessir tveir liðir útflutningstekjur íslenskrar ferðapjónustu. Tekjur af farþegaflugi jukust um 2,6 ma.kr. en tekjur af ferðalögum um 2,7 ma.kr.

Tekjur af ferðalögum aukast hægar en fjöldi ferðamanna

Tekjur af ferðalögum á þriðja fjórðungi jukust um 1,5% milli ára á föstu gengi en til samanburðar drógust tekjurnar saman um 2,9% á öðrum ársfjórðungi. Vöxturinn nam 8,5% á fyrsta ársfjórðungi. Aukningin á öðrum og þriðja fjórðungi var nokkuð minni en sem nam fjölgun ferðamanna






en fjölgun ferðamanna nam 4,8% á öðrum fjórðungi og 5,5% á þriðja ársfjórðungi. Þetta er ákveðin vísbending um að erlendir ferðamenn hafi á öðrum og þriðja ársfjórðungi dregið úr neyslu sinni í sínum eigin gjaldmiðli.

Ferðalög Íslendinga erlendis aukast áfram hratt

Stærsti liðurinn í þjónustuinnflutningi eru ferðalög Íslendinga erlendis. Sá liður jókst um 6,3 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra og var um að ræða 13% aukningu.

Heildaraukning innflutnings þjónustu nam á sama tímabili 15,4 mö.kr. og skýrði aukning ferðalaga því 41% af heildaraukningu í innflutningi þjónustu. Á föstu gengi jókst innflutningurinn um 12,2% en til samanburðar jukust utanlandsferðir landans um 3,9% og því ljóst að neysla hvers ferðamanns var að aukast frá sama tímabili í fyrra. Það er sama þróun og var á öðrum ársfjórðungi en þá var hver ferðamaður einnig að auka neyslu sína milli ára.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.